

AVH ehf. Arkitektúr-Verkfræði-Hönnun  
Mýrarvegi Kaupangi  
600 Akureyri



Reykjavík 26.mars 2017  
UST201701-231/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga að deiliskipulagi ferðaþjónustu í landi Hlíðar í Mývatnssveit**

Vísað er til erindis ráðgjafastofunnar AVI, er barst 23. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi ferðaþjónustu í Hlíð.

#### **Skipulagssvæðið**

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið nær yfir 9 ha og er svæðið að mestu innan verndarsvæðis Mývatns og að þar gilda sérstök lög nr. 97/2004 og reglugerð nr. 665/2012. Skipulagssvæðið er staðsett sunnan og vestan flugvallar.

#### **Framkvæmdir**

Í greinargerð kemur fram að á svæði 1 er salernishús sem verður rífið og nýtt og stærra salernishús verður byggt. Einnig kemur fram að tvö ný þjónustuhús á tjaldsvæði verði byggð. Athygli vekur hve stórir byggingarreitir eru, en gert er ráð fyrir byggingarreitum sem eru eins og lóðir umhverfis byggingarnar. Athygli vekur einnig að miðað við loftmynd á skipulag.is þá eru núverandi byggingar á svæðinu ekki allar sýndar á uppdrætti. Að mati stofnunarinnar ætti að sýna hæfilegan byggingarreit kringum hverja byggingu og einnig ætti að koma skýrt fram núverandi stærðir bygginga og áætlaðar stærðir viðbygginga og allir skilmálar. Einnig bendir stofnunin á að frístundahús eru sumarbústaður og gistihús með morgunverðarsal eru gistihús.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tjald- og frístundasvæðið er innan verndarsvæðis Laxár og Mývatns eru allar framkvæmdir á svæðinu leyfis skyldar hjá Umhverfisstofnun.


#### **Fráveita**


Í Hlíð er starfrækt ferðaþjónusta, og þar eru þjónustuhús og salerni fyrir tjaldsvæði og frístundahús. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að þótt í greinargerð sé talað um hreinsivirki þá eru rotþrær sýndar á uppdrætti. Stofnunin minnir á að samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, og sbr. breytingarreglugerð nr. 450/2009, sem settar eru með stoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir koma fram reglur um hreinsun skólps og viðmiðunarmörk í fráveitum og viðtaka. Sama krafa er sett fram í 1. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 665/2012, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og skal því hreinsa skólp á svæðinu með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa. Þar af leiðandi á ekki að sýna rotþrær á uppdrætti.

Ofangreint deiliskipulagssvæði er að mestu innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár, og uppbygging og sú endurbygging sem í deiliskipulaginu er ráðgerð mun hafa aukið álag á verndarsvæðið. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áframhaldandi uppbygging verði áætluð fyrir utan verndarsvæði Mývatns og Laxár.

Að mati Umhverfisstofnunar skortir nákvæmari upplýsingar um núverandi byggingar og áætlaðar stækkanir. Einnig þarf að lagfæra byggingarreiti til samræmis við framkvæmdir. Einnig þarf að athuga merkingar á fráveitu. Þar sem svæðið sem ofangreind tillaga nær til er á verndarsvæði Mývatns og Laxár, telur Umhverfisstofnun mikilvægt að tillaga að deiliskipulagi svæðisins komi aftur til umsagnar hjá stofnuninni þegar uppdráttur hefur verið lagfærður og nánari upplýsingar um núverandi byggingar áætlaðar framkvæmdir liggja fyrir.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

Afrit sent:

Bjarni Reykjalín skipulags- og byggingarfulltrúi  
Kjarna 650 Laugar